

Mánudaginn 15. nóvember 1982.

Nr. 221/1981. **Síldarvinnslan h/f**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn

Jóni Einari Jóhannssyni
(Othar Örn Petersen hrl.).

Kaupgjaldsmál. Sjómannalög. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Er krafist sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í hinum munnlega málflutningi hér fyrir dómi lýstu lögmennt aðilja því yfir, að ekki væri ágreiningur milli aðilja um málsatvik eða fjárhæðir.

I.

Stefndi var lögskráður stýrimaður á b/v Birting, NK 119, í ársbyrjun 1979. Var hann í launalausú leyfi frá störfum á skipinu í tveimur veiðiferðum þá um vorið. Er skipið kom til heimahafnar úr síðari veiðiferðinni, skýrði stefndi skipstjóranum frá því fimmtudaginn 31. maí, kl. 1600, að hann hygðist taka við starfi sínu á skipinu í næstu veiðiferð. Átti skipið að fara í þá veiðiferð kl. 1400 laugardag 2. júní (misritað er 1. júní á einum stað í héraðsdómi). Þann dag, kl. 1100 f. h., tilkynnti stefndi skipstjóranum, að hann hefði veikt þá um nóttina og kenndi sig ekki mann til að fara út með skipinu. Er vottorð lækni um veikindi stefnda meðal gagna máls.

II.

Stefndi reisir kröfu sína til kaups í máli þessu gagnert á 3. málsgrein 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963.

Eigi verður talið, að stefndi hafi hafið störf sín að nýju á skipinu, þegar er hann tilkynnti skipstjóra fyrirætlun sína um að fara í næstu veiðiferð. Verður í því efni almennt að miða við það tímamark, er skipverji tekur í reynd við starfi um borð í skipinu, sbr. til hliðsjónar 1. málsg. 18. gr. framangreindra laga. Lögskipti málsaðilja er eðlilegast að skýra á þann veg, að stefndi hafi átt að taka við starfi sínu á skipinu við upphaf nýrrar veiðiferðar, 2. júní 1979. Telja verður því, að stefndi hafi enn verið í launalausú leyfi, er hann veiktist.

Með lögum nr. 49/1980, er tóku gildi 10. júní þ. á., var 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 breytt, og er m. a. þetta ákvæði tekið upp í 3. mgr. 1. gr. laganna: „Sé skipverji í launalausú fríi, er hann veiktist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju“. Í athugasemd við frumvarp til laga þessara segir m. a., að meginmarkmið frumvarpsins sé „að auka rétt sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum . . .“ Þá segir svo í athugasemdum við 3. mgr. 1. gr.: „Tekið er inn nýtt ákvæði þess efnis, að forfallist skipverji í launalausú fríi, þá skuli launagreiðslur til hans hefjast, þegar er hann átti að koma til starfa að nýju“.

Túlka verður 3. málsg. 18. gr. sjómannalaganna, eins og það ákvæði var orðað á þeim tíma, er hér skiptir máli, á þá lund, að stefndi hafi eigi átt lagatilkall til launa vegna veikinda sinna, sem grein er gerð fyrir í héraðsdómi, og styður breyting sú, er gerð var á ákvæðinu með lögum nr. 49/1980, m. a. þann lögskýringarkost.

Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Síldarvinnslan h/f í Neskaupstað, á að vera

sýkn af kröfum stefnda, Jóns Einars Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Neskaupstaðar 4. júní 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 7. apríl sl., hefur Jón Einar Jóhannsson, Mýrargötu 29 í Neskaupstað, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Neskaupstaðar með stefnu, birtri 17. október 1980, gegn Jóhannesi Stefánssyni, Hólsgötu 7 í Neskaupstað, stjórnarformanni Sildarvinnslunnar h/f, til greiðslu skuldar að fjárhæð gamlar krónur 567.433 auk hæstu dómvaxta, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 1. júlí 1979 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómsins. Enn fremur er gerð krafa um sjóveðrétt í b/v Birtingi, NK 119, til tryggingar kröfunni.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hin umdeilda skuld sé vegna launa stefnanda fyrir veiðiferð, sem hafi hafist 1. júní 1979, en þá hafi stefnandi verið veikur.

Hlutur stefnanda, sem sé 1. stýrimaður, sé skv. útreikningum einn og hálfur hásetahlutur, eða kr. 521.581. Föst mánaðarlaun reiknist kr. 317 pr. dag í 7 daga, eða kr. 2.219. Orlof 8.33%, eða kr. 43.633. Samtals kr. 567.433, sem sé stefnukrafan. Tildrög deilunnar séu þau, að stefnandi hafi verið búinn að vera í fríi, sem nam tveim veiðiferðum. Fimmtudaginn 31. maí 1979, kl. 1600, hafi hann tilkynnt skipstjóranum, að hann hæfi störf og mundi fara út með skipinu, sem átti að fara út laugardaginn 2. júní 1979, kl. 1400. Klukkan 1100 árdegis brottfarardaginn hafi stefnandi hringt í skipstjórnann og tilkynnt veikindi, sem hann hafi fyrst orðið var við nóttina áður. Stefnandi hafi verið starfsmaður stefnda í yfir 16 ár. Rétt sinn til launa byggji hann m. a. með tilvísun til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 67 frá 1963. Ítrekaðar tilraunir hafi verið gerðar til heimtu skuldarinnar, en án árangurs.

Stefndi telur stefnanda hafa veikst, þegar hann var afskráður í launalausú fríi, og eigi hann því eigi rétt á forfallakaupi samkvæmt þeim lögum, er þá giltu, en þetta var fyrir gildistöku laga nr. 49/1980.

Niðurstaða.

Eigi er deilt um málsatvik né kröfuupphæð í máli þessu. Málið snýst um það, hvort stefnandi hafi veikt í launalausum fríi eða hvort fríi hans hafi verið lokið, er hann veiktist. Dómurinn lítur svo á, að þegar stefnandi tilkynnti skipstjóranum á Birtingi, NK 119, í síma fimmtudaginn 31. maí 1979, að hann mundi fara í næstu veiðiferð, og skipstjóri hafði tilkynnt honum brottfarartíma, þá hafi fríi stefnanda lokið, enda var þá skipið komið í höfn úr veiðiferðinni á undan þeirri veiðiferð, er stefnandi var ráðinn til. Dómurinn telur, að hvenær sem var eftir þetta símtal hafi stefnandi verið skyldur að gegna kalli til starfa í sambandi við þá veiðiferð, er hann var ráðinn til.

Úrslit máls þessa verða því þau, að kröfur stefnanda verða teknar til greina með breytingu að því er varðar vexti. Stefnandi fær dómvexti greidda frá stefnubirtingardegi, en almenna innlánsvexti fram að þeim tíma.

Stefndi verður því dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 5.674.33 með 22% ársvöxtum frá 1. júlí 1979 til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, 17. október 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.300.00.

Krafa um sjóveðrétt í Birtingi, NK 119, er tekin til greina.

Hinn 28. apríl sl. var aðiljum með úrskurði gefinn kostur á að gefa skýrslu fyrir dómi með vísan til 120. gr. laga nr. 85/1936, en eigi náðist í stefnanda til skýrslugjafar fyrr en 25. maí sl. vegna fjarveru, en þann dag var málið sótt og varið að nýju.

Dóm þennan kvað upp Þorsteinn Skúlason bæjarfógeti ásamt meðdómsmönnum Ármanni Eiríkssyni skipstjóra og Sigurjóni Ingvarssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhannes Stefánsson f. h. Síldarvinnslunnar h/f í Neskaupstað, greiði stefnanda, Jóni Einari Jóhannssyni, Mýrargötu 29, Neskaupstað, kr. 5.674.33 með eftirfarandi ársvöxtum:

22% frá 1. júlí 1979 til 1. september 1979, 27% frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% frá þeim degi til 17. október 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 4.300.00 í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í Birtingi, NK 119, til tryggingar dómkröfu þessari.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. nóvember 1982.

Nr. 74/1982. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Guðmundi Böðvarssyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu er skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 15. mars 1982. Af hálfu ákærvalds er gerð krafa um þyngingu refsingar.

Agrip barst Hæstarétti 15. f. m.

Rétt þykir að miða við, að hlutur ákærða af hassi því, sem Örn Sigfússon flutti til landsins (ákæruliður II), hafi verið 220 g að þyngd. Þá er þess að gæta, að héraðsdómur lætur þess ógetið, að ákærði sættist 4. júlí 1980 á greiðslu 200.000 króna (gkr.) sektar og missi ökuleyfis 12 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarstjórn. Refsingu ákærða að því er varðar